



Ársskýrsla **2024**

Staðlaráð Íslands



Íslenskir staðlar



©Staðlaráð Íslands

Urðarhvarfi 8B

203 Kópavogur

Sími: 520 7150

stadlar@stadlar.is

www.stadlar.is

Umsjón og ritstjórn: Haukur Logi Jóhannsson

Forsíðumynd: lplusd / stock.adobe.com

Ljósmyndir: Arngrímur Blöndahl, Ólína Kr. Margeirsdóttir, Silla Páls, Gunnar R. Kristinsson og Adobe Stock

Umbrot og grafísk vinnsla: Ímyndunarafl / Gunnar R. Kristinsson

Ársskýrsla Staðlaráðs er eingöngu gefin út rafrænt.



Efnisyfirlit

Ég treysti einfaldlega því að búnaðurinn sé öruggur	4
Hvers vegna að staðla gervigreindarlausnir?	6
Hlutverk og stjórnarhættir	8
Aðild að Staðlaráði er samfélagsábyrgð í hnotskurn	9
Stjórn 2024-2025	10
Mannauður Staðlaráðs	11
Starfið innanlands	12
Íslenskt frumkvæði um stöðlun barnaréttar vekur heimsathygli	16
Evrópustöðlun	18
Alþjóðleg stöðlun	19
Norrænt samstarf	21
Ársreikningur	22



Ég treysti einfaldlega því að búnaðurinn sé öruggur

Ávarp stjórnarformanns

Þegar ég sest með barnabarnið mitt inn í bílinn og spenni hana í barnabílstólinn, hugsa ég sjaldan um staðla. Ég treysti einfaldlega því að búnaðurinn sé öruggur – að hann hafi verið hannaður, prófaður og samþykktur samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum. Þetta traust byggist ekki á því að ég hafi yfirsýn yfir framleiðsluferlið, heldur á því að ég hugsaði um staðla þegar ég valdi barnabílstólinn. Ég veit því að á bak við hann liggur kerfisbundið, faglegt og alþjóðlega samræmt staðlastarf.

Staðlar eru hljóðlátur grunnur samfélagsins, oft ósýnilegir í daglegu lífi en skapa forsendur þess að allt virki með öryggi og fyrirsjáanleika. Hvort sem um ræðir barnabílstóla, lyfjapakningar, rafmagnstengi eða hugbúnað, þá eru það stöðluð viðmið sem tryggja að kerfin séu samhæfð, örugg og áreiðanleg.

CE-merkingin, sem margir neytendur þekkja, er sýnilegt tákni þessa trausts. Fyrir okkur sem störfum í staðlasamfélaginu er hún hins vegar einnig tákni um virkni evrópska staðlakerfisins – þar sem samræmdir evrópskir staðlar (e. harmonized standards) mynda brú milli evrópskra tilskipana og tæknilegra krafna sem iðnaðurinn síðan uppfyllir í reynd. ÍSTEN 71, ÍSTEN ISO 13485 og IEC 60884-1 eru allt dæmi um slíka staðla – afrakstur sameiginlegrar vinnu þar sem hagsmunaaðilar, þar á meðal neytendur, leggja sitt af mörkum til að móta öruggt og traust umhverfi.

Staðlastarf síðustu áratuga hefur einkennst af vaxandi samþættingu við evrópskt samstarf. Með þátttöku í CEN, CENELEC og ETSI tryggjum við að sjónarmið íslensks atvinnulífs og samfélags fái vægi í mótun alþjóðlegra viðmiðana. Það skiptir máli, ekki aðeins til að efla samkeppnishæfni, heldur líka til að standa vörð um almannahagsmuni.

Margir gera sér ekki grein fyrir því að lög og reglugerðir vísa oft í staðla til að útskýra hvernig tæknileg ákvæði eiga að vera útfærð í framkvæmd. Með því verða staðlarnir hluti af lagarammanum og stuðla að ábyrgri framkvæmd. Þeir eru ekki aðeins tæknilegur stuðningur heldur lykilhluti af ábyrgri stjórnsýslu, faglegri hagsmunagæslu – og jafnvel siðferðilegu viðhorfi til öryggis og velferðar.

Í heimi sibreytilegra tæknilausna, aukinnar sjálfvirkni og ört vaxandi stafrænnar þróunar eru staðlar ekki andstæða nýsköpunar, heldur forsenda hennar. Þeir setja sameiginlegan ramma þar sem traust og samhæfni eru drifkraftar – ekki hindranir.

Kannski felst styrkur staðlanna einmitt í því að þeir séu til staðar án þess að trufla – að þeir styðji við daglegt líf án þess að kalla á athygli. Þeir tryggja öryggi, samhæfni og gæði – án þess að krefjast sviðsljóssins. Við lítum á þá sem sjálfagða hluti – og einmitt það er sterkasti vitnisburðurinn um gildi þeirra.

Það sem einkennir staðlastarf er viðtækt samráð og samvinna. Hlutverk Staðlaráðs er meðal annars að veita sérfræðingum úr ólíkum greinum sameiginlegan vettvang til að þróa lausnir á tæknilegum og faglegum viðfangsefnum. Þessi samvinna fer fram innan fagstaðlaráða, þar sem fjöldi fagaðila leggur fram sérþekkingu sína og tíma, án launa eða umbunar, í þágu þess að móta staðla og tækniforskriftir sem styðja við öryggi, gæði og skilvirkni í samfélaginu, atvinnulífinu og stjórnsýslunni.

Á undanförunum árum hefur fjárveiting Staðlaráðs vegna þjónustusamninga við íslenska ríkið dregist verulega saman. Þó svo að leiðrétting hafi fengist árið 2022, náði hún aðeins að bæta fyrir hluta þeirrar heildarskerðingar sem átt hefur sér stað á síðasta áratug. Samhliða þessu hefur dregið úr sölu á stöðlum, sem hefur veikt fjárhagslegan grunn starfseminnar. Í ljósi þessara breytinga hefur stjórn Staðlaráðs lagt aukna áherslu á að þróa nýja tekjustrauma til að mæta tekjutapi og tryggja áframhaldandi rekstur og mikilvægt samfélagslegt hlutverk ráðsins.

Rekstrarniðurstæða ársins var þó jákvæð, að mestu vegna einkisgreiðslna vegna tiltekins verkefnis og afturvirkis uppgjors frá ríkinu fyrir verkefni sem unnið hafði verið á fyrri árum. Þessi tímabundnu áhrif höfðu umtalsverð jákvæð áhrif á afkomu ársins, en endurspegla ekki sjálfbæra tekjustöðu til lengri tíma.

Því er ljóst að þrátt fyrir jákvæða rekstrarniðurstöðu þarf að horfa til framtíðar með aðgát. Til að viðhalda getu ráðsins til að stuðla að öryggi, samkeppnishæfni og nýsköpun í íslensku samfélagi, er nauðsynlegt að tryggja fjárhagslegt svigrúm og stöðugar tekjuleiðir. Fjárfesting í staðlastarfi er ekki einungis stuðningur við innviði, heldur lykillinn að ábyrgri tæknivæðingu, alþjóðlegu samstarfi og hagkvæmri innleiðingu reglugerða á öllum sviðum atvinnulífs og stjórnsýslu.

Stjórn Staðlaráðs kom saman alls tíu sinnum á síðasta starfsári. Að tveim fundum undanskildum voru allir fundir rafrænir, en rafrænt fundarform hefur nú fest sig í sessi sem hefðbundinn vettvangur fyrir stjórnarstörf ráðsins. Fundirnir endurspegla markvissan og virkan stuðning stjórnar við starfsemi Staðlaráðs.


Stjórnin hefur áfram lagt áherslu á faglega ráðgjöf, eftirlit með rekstri og skýra forystu í stefnumótun. Í febrúar síðastliðnum hélt stjórn Staðlaráðs sérstakan stefnumótunarfund þar sem farið var yfir núverandi stefnu, hún endurmetin og uppfærð. Ný og metnaðarfull stefna fyrir tímabilið 2025–2027 var samþykkt, ásamt aðgerðaráætlun sem styður við skýra sýn á framtíðarsýn og forgangsroðun verkefna.

Þrátt fyrir áskoranir á sviði fjármögnunar hafa starfsmenn Staðlaráðs, undir forystu framkvæmdastjóra, lagt mikið á sig til að innleiða stefnu stjórnar í verki. Með eljusemi og fagmennsku hafa þau tekist á við umfangsmikið verkefni og náð að raungera stefnumarkandi áform. Fyrir það eiga þau skilið sérstakt hrós og þakkir.

Ég vil færa aðildarfélögum Staðlaráðs þakkir fyrir gott samstarf á árinu, þeim fjölmörgum sérfræðingum atvinnulífsins sem hafa lagt sitt af mörkum til stöðlunarverkefna, stjórnarfólki fyrir sitt framlag og síðast en ekki síst vil ég þakka starfsfólki Staðlaráðs fyrir ómetanlegt framlag og fagmennsku.

Sigurður Másson,
fulltrúi Neytendasamtakanna í stjórn Staðlaráðs
er jafnframt formaður stjórnar.





Hvers vegna að staðla gervigreindarlausnir?

Hugvekja framkvæmdastjóra

Daglegt líf okkar væri mun flóknara, dýrara og hættulegra ef ekki væri fyrir staðla. Án þeirra væru neytendur í stöðugri óvissu um virkni, gæði og öryggi vara. Kostnaður við framleiðslu og viðhald tækja væri miklu hærra og viðskipti milli landa væru erfiðari. Sífelld kemur ný tækni fram á sjónarsviðið og áskoranir aukast. Gervigreind er mál málanna um þessar mundir og blasir við að áskoranir tengdar henni eru gríðarlega miklar. Hérlandis leggja hagsmunasamtök í mikla vinnu við að mæta sig í þeim nýja heimi sem boðuð er með gervigreind og finna leiðir til að auka hagsæld og velferð án þess að tapa stjórn á því sem skiptir okkur mestu máli; öryggi, áreiðanleika, siðferði, vernd, nýsköpun og samkeppnishæfni. Löggjafar um allan heim keppast við að leggja línurnar á þeim sviðum til að gervigreindinni megi treysta til góðra verka. Hver sem lagaleg niðurstaðan verður er eitt morgunljóst. Undir yfirborðinu leynist mikilvægur grunnur sem fær oft litla athygli: staðlar.

Lögin segja hvað, staðlar segja hvernig

Löggjöfin segir til um kröfurnar, heimildir og takmarkanir. Staðlarnir útfæra hvernig það er gert. Staðlar eru hlutlaus verkfæri sem auðvelda okkur öllum meðhöndlun nýrrar tækni sem, ef ekki er varlega farið, getur skaðað okkur illa. Þeir eru búnir til af bestu sérfræðingum greinarinnar sem jafnframt sammælast um niðurstöðurnar þegar þeir svara spurningunni „Hvernig er best að gera þetta?“ Staðlar munu tryggja að notkun gervigreindar verði örugg, gagnsæ og áreiðanleg, ekki bara í orði heldur líka í verki. Þeir skilgreina hvernig kerfi sem nota gervigreind skulu hönnuð, prófuð, útskýrð og metin. Staðlar stuðla einnig að samhæfni milli landa því þeir eru próaðir í samstarfi sérfræðinga á heimsvísu og jafna samkeppnisaðstæður því allir munu spila eftir sömu stöðluðu reglunum. Þá auka þeir traust almennings sem getur treyst því að tæknin fylgi viðurkenndum viðmiðum.

Hvað getum við gert?

Smáríki eins og Ísland getur aukið samkeppnishæfni sína verulega með þátttöku í stöðlun, þar sem leikreglurnar eru útfærðar. Aukin þátttaka leiðir af sér meiri þekkingu, meiri framsýni og aukna færni til þess að uppfylla kröfur markaða og að gæta íslenskra hagsmuna við gerð viðmiða. Þátttaka í staðlastarfi;

- » er frábær farvegur þekkingar og samstarfs við bestu sérfræðinga greinarinnar,
- » er mikilvægur farvegur fyrir nýsköpun,
- » gefur forskot á upplýsingar um horfur og þróun greinarinnar,
- » er tækifæri til að hafa áhrif á viðmið og leikreglur til framtíðar.

Þátttaka íslenskra sérfræðinga í staðlastarfi er mun minni en hún ætti að vera og sú staðreynd hefur bein áhrif á samkeppnishæfni okkar. Staðlar geta m.a.s. virkað sem mikilvægur leiðarvisir að þróun nýrra vara og þjónustu. Leiðarvisir sem er skrifaður af bestu sérfræðingum greinarinnar.

Hvernig gerum við það?

Það er góð byrjun að skilja hvar þessi þróun er stödd til að taka ákvarðanir um hvar næst skuli stíga niður fæti.

Nú þegar eru tugir vinnuhópa á vettvangi staðlasamtaka um allan heim að skoða rekstrar-, verkfræðilega og samfélagslega nálgun á gervigreinarlíkön þar sem áhersla er lögð á áhættugreiningu og -mat út frá grundvallarréttindum borgaranna, meðferð og nákvæmni við notkun tungumála, siðferðileg álítaefni, gagnsæi slíkra kerfa, gæði gagna sem líkönin eru þjálfuð á, meðferð gagna, prófanir gervigreindarlíkana, notkun gervigreindar í meðferð heilbrigðisupplýsinga, örugga virkni gervigreindarkerfa, traustleika/áreiðanleika og aðferðir við samræmismat á kröfum laga auk fjölda annarra viðfangsefna. Notkun allrar gervigreindar mun þurfa að taka mið af nýjum stöðlum á þessu sviði.

Nú þegar hafa verið próaðir staðlar (t.d. ISO/IEC 42001) sem hjálpa fyrirtækjum að tryggja að gervigreindarlíkon séu örugg og áreiðanleg til að unnt sé að forðast skekkjur og rangar ákvarðanir sem geta haft lífshættulegar eða fjárhagslega skaðlegar afleiðingar.

Evrópusambandið vinnur nú að löggjöf, s.k. AI Act þar sem m.a. eru gerðar kröfur um að gervigreindarkerfi útskýri ákvarðanir sínar og að fyrirtæki sem nýti hana beri ábyrgð á útkomunni, hver sem hún er. Nú þegar hafa verið próaðir staðlar (t.d. ISO/IEC 24028) sem veita leiðbeiningar um hvernig á að meta áreiðanleika og skýrleika gervigreindarkerfa.

Gervigreindarkerfi geta auðveldlega speglað skekkjur í gögnunum sem þau eru þjálfuð á sem getur leitt til mismununar. Próaðir hafa verið staðlar (t.d. IEEE 7000 og ISO/IEC 27701) sem auðvelda fyrirtækjum að próa sín kerfi á grundvelli siðferðilegra viðmiða, s.s. varðandi jafnrétti og persónuvernd.

Gervigreindin þarf oft að vinna með mörgum mismunandi kerfum en á sama tíma að tryggja samræmi við mismunandi kröfur milli landa. Þróaðir hafa verið staðlar (t.d. ISO/IEC 20546) sem auðvelda samræmingu á gagnavinnslu á milli kerfa.

Og til hvers?

Nýverið fór fram opinber umræða um mikilvægi þess að tryggja að hér yrðu til þúsundir nýrra tæknilegra sérfræðinga til að við töpuðum ekki í gervigreindarkapphaupinu. Tækni er gríðarlega stöðluð því staðlar auðvelda stjórnvöldum að útfæra tæknilega flóknar lagakröfur og þeir tryggja aðgengi að mörkuðum því þeim er ætlað að brjóta niður tæknilegar hindranir á öllum helstu



mörkuðum. Það er engin tilviljun að Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), Efnahags- og framfarastofnun (OECD), Sameinuðu þjóðirnar (Sp), Evrópusambandið (ESB), Alþjóðabankinn (The World Bank) o.fl. leggja gríðarmikla áherslu á þróun og notkun staðla. Tilgangurinn þessara alþjóðastofnana er misjafn en staðlar gera allt í senn; brjóta niður tæknilegar hindranir, tryggja neytendavernd, auka gæði, vernd og árangur, auka framleiðni og jafna samkeppnishæfni á þessum mörkuðum svo eitthvað sé nefnt. Má þar t.d. nefna að lækningatæki eru framleidd og prófuð eftir ströngum kröfum staðla og íslensk fyrirtæki eiga mikla hagsmuni á þeim markaði þrátt fyrir smæð sína. Skilningur á stöðlum og því hvernig kröfur markaðanna eru útfærðar með þeim eru grundvallarforsenda þess að íslensk fyrirtæki geti framleitt og selt lækningatæki á erlendum mörkuðum.

Tæknilegir sérfræðingar á Íslandi, hvort sem þeir vinna í verkefnum tengdum gervigreind eða öðru, ættu því fyrst og síðast að skilja stöðlun og staðla og taka þátt í slíku starfi. Velgengni okkar í atvinnulífinu mun ekki síst ráðast af því hversu vel við þekkjum og skiljum leikreglurnar og eftir atvikum hversu mikil áhrif við getum haft á þær.

Allt á fullu og við eigum ónýtta aðgöngumiða

Þekkingarskortur og vanvirkni leiðir til einangrunar sem dregur úr samkeppnishæfni, möguleikum og tækifærum. Nýlegar vendingar á vettvangi heimsmálanna benda til þess að okkur veitir ekkert af því halda vel á spöðunum og gæta vel aðildar okkar að alþjóðlegum mörkuðum. Íslenskir sérfræðingar eiga greiða aðild að starfinu sem tryggir markaðsaðildina í gegnum Staðlaráð Íslands. Það kostar ekkert en gæti bætt samkeppnishæfni og stöðu íslenskra fyrirtækja á mörkuðum hér heima og erlendis og getur gjörbreytt möguleikum stjórnsvalda við gerð og innleiðingu löggjafar, markaðsgæslu og þróun gæðainniðnaðs á Íslandi.

Helga Sigrún Harðardóttir
framkvæmdastjóri Staðlaráðs.



Hlutverk og stjórnhættir

Staðlaráð Íslands er vettvangur samráðs og samstarfs þeirra sem hagsmuna eiga að gæta af stöðlum. Starfsemi ráðsins byggir á lögum nr. 36/2003, kröfum alþjóðlegra og evrópskra staðlasamtaka, og þjónustusamningi við Atvinnuvegaráðuneyti. Samkvæmt honum fer Staðlaráð með atkvæði Íslands í evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, auk aðildar að alþjóðasamtökunum ISO og IEC.

Helstu verkefni ráðsins eru:

- » Umsjón með staðlagerð og staðfestingu erlendra staðla sem íslenskra,
- » Aðlögun staðla að íslenskum aðstæðum og hagsmunum,
- » Aðgengi að stöðlum og upplýsingagjöf um mikilvægi þeirra,
- » Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við opinbera aðila og einkageira
- » Útgáfa staðlaskrár og rekstur miðstöðvar stöðlunarstarfs

Staðlaráð vinnur markvisst að því að tryggja að íslenskum hagsmunum sé sinnt í alþjóðlegu samstarfi og að innlend fagþekking verði hluti af alþjóðlegum lausnum.

Stefna og framtíðarsýn

Árið 2021 hófst nýtt skeið í stefnumótun Staðlaráðs. Áhersla var lögð á að byggja upp ráð sem væri framúrskarandi samstarfsaðili, áreiðanlegur tengiliður milli hagsmunaaðila, og drifkraftur lausna við flóknum áskorunum, sér í lagi á sviði sjálfbærni, gæða, öryggis og nýsköpunar.

Helstu stefnumarkmið eru:

- » Að efla samstarf við stjórnvöld og tryggja fjármögnun lögbundinna verkefna
- » Að auka þekkingu og skilning á gildi staðla í samfélaginu.
- » Að byggja upp öflugt faglegt starf og treysta tengsl við sérfræðinga
- » Að gera Staðlaráð að eftirsóttum vinnustað.
- » Að efla ásýnd og traust í samfélaginu

Á árinu 2024 var unnið markvisst samkvæmt þessum markmiðum, og vegferðin heldur áfram en tölurnar segja ekki alla söguna.

Í þágu samfélags og framtíðar

Staðlaráð leggur ríka áherslu á að rækta hlutverk sitt sem vettvangur fyrir samstarf, þar sem lausnir eru mótaðar í sameiningu. Sérstök áhersla er lögð á að styðja við sjálfbærni og samfélagsábyrgð í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Við svörum kalli samtímans með því að veita:

- » Aðgengi að vönduðum stöðlum
- » Verkefnastjórn við þróun innlendra staðla
- » Fræðslu og miðlun þekkingar

Við höfum starfað eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001:2015 frá árinu 2019 og staðist árlegar úttektir án frábrigða frá upphafi.

Í tækninefndum Staðlaráðs starfa sérfræðingar úr atvinnulífinu – þau fremstu á sínu sviði – og þannig tryggjum við að íslenskir staðlar endurspegli bestu þekkingu og viðmið sem nýtast sem tæki til vaxtar og velsældar.

Aðild að Staðlaráði er samfélagsábyrgð í hnotskurn

Aðildarfélagar Staðlaráðs nálgast nú hundrað talsins, og það er okkur sannur heiður að njóta stuðnings þeirra. Þeir leggja sitt af mörkum með aðildargjöldum og virkri þátttöku í staðlastarfi, sem er ekki aðeins verðmæti í sjálfu sér heldur einnig skýr birtingarmynd samfélagsábyrgðar í verki.

Með því að taka þátt í starfi Staðlaráðs leggja fyrirtæki og stofnanir grundvöll að sterkum og traustum gæðainnviðum fyrir íslenskt samfélag. Aðild veitir þeim ekki aðeins afslátt af kaupum á stöðlum, heldur einnig aðgang að dýrmætum upplýsingum um þróun, breytingar og framtíðarstefnu í staðlastarfi. Þá gefst þeim einnig tækifæri til að hafa áhrif á stjórnun Staðlaráðs, meðal annars með þátttöku í stjórn Staðlaráðs og fagstaðlaráðum. Þannig geta þau haft áhrif á þróun innan eigin geira og stuðlað að jákvæðum breytingum fyrir samfélagið í heild.

Slíkt framlag er dýrmætt – og við kunnum þeim innilega þakkir fyrir.

Advania
Alcoa Fjarðaráll
Arion banki hf.
Atvinnuvegaráðuneyti
Auðkenni ehf.
Ábyrgar fiskveiðar ses
Byggingafræðingafélag Íslands
Carbfix hf.
COWI Ísland ehf.
Deloitte ehf.
Efla hf.
Elkem Ísland ehf.
Faggildingarsvið Hugverkastofu
Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð
Fjarskiptastofa
Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Framkvæmdasýsla ríkisins
Geislavarnir ríkisins
Greiðsluveitan ehf.
Hagar hf.
Hagstofa Íslands
HS Orka
HS Veitur
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
ICEPRO
Iðan-fræðslusetur ehf.
Innviðaráðuneytið
Íslandsbanki
Kolefnisbrúin ehf.
Kópavogsbær

Kúla 3D ehf. (Orb ehf.)
Landsbankinn
Landsnet
Landspítali
Landsvirkjun
Land og skógur
Límtré Vírnet
Ljósleiðarinn ehf.
Loftlagsskrá Íslands ehf.
Lota ehf.
M7 ehf.
Marel Iceland hf.
Markus Lifenet ehf.
Mennta- og barnamálaráðuneytið
Menningar-, nýsköpunar og
háskólaráðuneyti
Míla ehf.
Netorka hf.
Neytendasamtökin
Norðurorka
Origo
Orka náttúrunnar ehf.
Orkufjarskipti hf.
Orkusalan ehf.
Orkuveita Reykjavíkur
Orkuvirki ehf.
Rafiðnaðarsamband Íslands
RAFMENNT ehf.
Rarik ohf.
Ráður 2 ehf.

Reiknistofa bankanna hf.
Reykjavíkurborg - Umhverfis- og
skipulagssvið
Samband íslenskra sveitarfélaga
Samgöngustofa
Samtök atvinnulífsins
Samtök fjármálafyrirtækja
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Samtök iðnaðarins
Samtök rafverktaka (SART)
Seðlabanki Íslands
Síminn hf.
Skipulagsstofnun
SoGreen ehf.
Stíka Umhverfislausnir
Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum
Strendingur
Sæplast Iceland ehf.
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið
Utanríkisráðuneyti
Vegagerðin
Veitur ohf.
Verkfræðingafélag Íslands
Verkhönnun
Verkis
Vinnueftirlit ríkisins
Þjóðskrá Íslands
Þorbjörn hf.
Össur Iceland ehf.



Stjórn 2024-2025

Stjórn Staðlaráðs er skipuð gríðarlega öflugum mannskap úr atvinnulífinu.

Stjórnina skipa einnig formenn fagstaðlaráðanna fimm.

Stjórn Staðlaráðs Íslands 2024-2025

Sigurður Másson, Neytendasamtökunum, formaður

Aldís Ingimarsdóttir, Verkfræðingafélaginu

Gyða Björg Sigurðardóttir, Ráði

Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Samtökum atvinnulífsins

Þórunn Sigurðardóttir, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Andri Reyur Haraldsson, formaður Rafstaðlaráðs

Egill Viðarson, formaður Byggingarstaðlaráðs

Guðmundur Sigbergsson, formaður Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum

Jóhann Þorvarðarson, formaður Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni

Kristján Þórarinnsson, formaður Fagstaðlaráðs í fiskimálum

Varamenn:

Steindór Dan Jensen, Menningar og viðskiptaráðuneytinu

Steingerður Þóra Daníelsdóttir, Advania



Mannauður Staðlaráðs

Hjá Staðlaráði Íslands starfar átta manna öflugur hópur, þar af margir með áratugalanga reynslu innan ráðsins. Verkefni ráðsins ná vítt og breitt – frá atvinnulífinu og stjórnsýslunni og alla leið inn í daglegt líf almennings. Þessi fjölbreytileiki í starfsemi endurspeglast í hlutverkum starfsfólks, sem bera hvert um sig ábyrgð á fjölmörgum og ólíkum verkefnum.



Arngímur Blöndahl,
gæðastjóri og
ritari Byggingastaðlaráðs



Arnhildur Arnaldsdóttir,
verkefnastjóri Byggingastaðlaráðs



Ástrós Steingrimsdóttir,
verkefnastjóri



Guðmundur Valsson,
ritari Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni
og Rafstaðlaráðs



Haukur Logi Jóhannsson,
ritari Fagstaðlaráðs í umhverfis-
og loftslagsmálum



Helga Sigrún Harðardóttir,
framkvæmdastjóri



Sigrún Þorsteinsdóttir,
sölustjóri og bókari



Kristbjörg Richter,
móttökustjóri



Starfið innanlands

Árið 2024 einkenndist af markvissu og viðtæku starfi Staðlaráðs innanlands. Með skýra sýn um gildi staðlastarfs fyrir samfélagið, atvinnulífið og stjórnsýsluna, lögðum við áfram áherslu á að efla vitund, þátttöku og notkun staðla víðsvegar um landið. Starfið var í senn þjónustulundað, stefnumarkandi og tengt við samfélagslegar áskoranir samtímans.

Við höldum fjölmarga viðburði, fræðslufundi og kynningar um hlutverk og mikilvægi staðla í ýmsum geirum – allt frá byggingar-iðnaði og orkumálum yfir í loftslagsmál, hringrásarhagkerfið og stafræna umbreytingu. Áhersla var lögð á að miðla þekkingu og vekja athygli á hvernig staðlar styðja við nýsköpun, sjálfbærni og öryggi, og skapa samræmi sem eflir traust og dregur úr kostnaði.

Þátttaka í verkefnum með íslenskum háskólum, fagfélögum og stofnunum jókst, þar sem leitast var við að nýta staðla sem verkfæri til gæðastjórnunar, ábyrgra ákvarðana og bættra vinnubragða. Við sinntum einnig ráðgjöf og fræðslu fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og aðila á opinberum vettvangi, þar sem áhersla var á notkun víðeigandi staðla í stefnumótun og innleiðingu.

Á árinu lauk þróun og útgáfu nýrra stöðlunarskjala í samvinnu við tækninefndirnar, og nokkrir þeirra hafa nú þegar vakið sérstaka athygli fyrir hagnýtt gildi sitt. Þýðingarstarf hélt áfram með öflugum hætti til að tryggja aðgengi að efni á íslensku, og stuðla að því að staðlar séu raunverulega aðgengilegir öllum þeim sem vilja nýta þá.

Við höldum áfram að efla stafræna innviði og bæta þjónustu við almenning og fagfólk, meðal annars með einfaldari aðgangi að staðlasafninu. Sérstök áhersla var lögð á samráð, gagnsæi og að draga fleiri að borðinu – með það að markmiði að staðlastarf á Íslandi endurspegli breiða og lifandi þátttöku ólíkra hagsmunaaðila.

Starf Staðlaráðs innanlands árið 2024 endurspeglar vaxandi skilning og áhuga á mikilvægi staðla sem innviða samfélags og atvinnulífs. Það er starf sem byggir á samstarfi, framsýni og

óbilandi trú á að samræmi og gæði verði til í sameiginlegri vinnu – í samtali, ekki í þögn.

Þjónustukönnun ársins leiddi í ljós að meira en 80% viðskiptavina Staðlaráðs kaupa staðla til að uppfylla kröfur laga og reglna og um 60% þeirra eru með vottun af einhverju tagi. Það er því ljóst að starfsemi Staðlaráðs styður ríkulega við gæðainnviði í landinu og er hryggjarstykki gæðainnvirkja. Svör viðskiptavina benda einnig til þess að staðlar séu nýttir til að auka gæði, bæta vinnulag og ímynd og auka samkeppnishæfni og framleiðni. Um 40% viðskiptavina starfa hjá örfyrirtækjum með 10 starfsmenn eða færri sem bendir til þess að lífseig myta um að staðlar henti ekki litlum fyrirtækjum sé einmitt bara myta. Hlutfall um 280 svarenda í könnuninni var 60% karlar á móti 40% konum og 90% svarenda 40 ára eða eldri. 70% svarenda sögðu staðla hafa mjög eða frekar mikið vægi fyrir reksturinn.

Útgáfa

» ÍST HB 200:2024 Raflagnir bygginga - Handbók - Samantekt þýðinga á stöðlum úr staðlaröðinni ÍST HD 60364

» ÍST WA 95:2024 Vinnustofusampykkt - Sjálfbær skógrækt

Staðfesting staðla

Á árinu 2024 voru 1.332 nýir Evrópustaðlar formlega staðfestir sem endurspeglar stöðugan vöxt og viðhald á sameiginlegum viðmiðum á innri markaði Evrópu. Á sama tíma voru 987 staðlar felldir úr gildi, ýmist vegna úreldingar eða samþættingar við aðra nýrri staðla. Niðurfellingar staðla eru því liður í að tryggja að staðlar endurspegli alltaf nýjustu tæknilega þróun og kröfur samfélags og atvinnulífs.

Þá voru 2.504 frumvörp að nýjum stöðlum eða breytingum á eldri stöðlum auglýst til samráðs og athugasemda á árinu, sem gefur vísbendingu um lifandi og sífellt þróandi stöðlunarumhverfi.

Í árslok 2024 taldist heildarþjöldi gildra stöðlunarskjala í Evrópu

vera um 29.600, sem er óbreytt frá fyrra ári. Þetta bendir til jafnvægis milli innleiðingar nýrra staðla og niðurfellingar þeirra eldri.

Af þessu heildarsafni eru um 14.000 stöðlunarskjöl gefin út af evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC. Fjöldi þeirra hefur haldist óbreyttur milli ára.

Auk þess byggja um 12.000 skjöl innan þessa hóps á alþjóðlegum stöðlum sem þróaðir eru af ISO og IEC, sem undirstrikar samhæfingu milli evrópsks og alþjóðlegs stöðlunarstarfs. Þetta mikla samstarf og aðlögun tryggir alþjóðlega samkeppnishæfni í Evrópu og styður við útflutning og nýsköpun.

Í fjarskiptageiranum eru 3.400 staðlar gefnir út af ETSI (European Telecommunications Standards Institute), sem heldur áfram að gegna lykilhlutverki í að móta tækniviðmið fyrir stafræna innviði Evrópu.

Að lokum má nefna að séríslensk stöðlunarskjöl eru 170 talsins, sem endurspeglar sértækar þarfir og forgangsroðun á sviðum þar sem sameiginleg evrópsk viðmið liggja ekki fyrir eða þar sem Ísland hefur sérstaka hagsmuni.

Söluhæstu staðlarnir

Rafmagnsöryggispakkinn (íslensk þýðing rúmlega 50 evrópskra staðla)

- » **ÍST 30:2012** Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir
- » **ÍST 85:2012** Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar
- » **ÍST 35:2018** Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf
- » **ÍST 45:2016** Hljóðvist - Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis
- » **ÍST EN ISO 9001:2015** Gæðastjórnunarkerfi - Kröfur
- » **ÍST EN ISO 14001:2015** Umhverfisstjórnunarkerfi - Kröfur með leiðbeiningum
- » **ÍST EN ISO/IEC 27001:2023** Upplýsingaöryggi, netöryggi og persónuvernd - Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi - Kröfur
- » **ÍST EN ISO 45001:2023** Stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað - Kröfur ásamt leiðsögn um notkun
- » **ÍST EN 19011:2018** Leiðbeiningar um úttektir stjórnunarkerfa

Byggingarstaðlaráð

Byggingarstaðlaráð hefur á árinu 2024 haldið áfram metnaðarfullu staðlastarfi á sviði mannvirkjagerðar með það að markmiði að efla gæði, öryggi og fagmennsku innan byggingariðnaðarins. Áhersla hefur verið lögð á endurskoðun lykilstaðla, þýðingar og aðlögun alþjóðlegra staðla að íslenskum aðstæðum, auk stofnunar nýrra spegilnefnda og öflugs fræðslustarfs í samstarfi við lykilaðila.

Stjórn Byggingarstaðlaráðs 2024 skipa:

- » **Egill Viðarsson, Verkís, formaður**
- » **Þórunn Sigurðardóttir, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun**
- » **Friðrik Á Ólafsson, Samtökum iðnaðarins**
- » **Guðrún Þóra Garðarsdóttir, Vegagerðinni**
- » **Hafsteinn Pálsson, Verkfræðingafélaginu**

Vinna stendur yfir við endurskoðun ÍST 30:2012 með reglulegum vinnufundum. Sérstök áhersla er lögð á að aðlaga staðalinn að nýjustu áherslum og þróun á útboðs- og framkvæmdamarkaði. Unnið er að innleiðingu ákveðinnar samsvörunar við alþjóðlega FIDIC-skilmála og tillit tekið til fræðilegra sjónarmiða úr ritröð Lagastofnunar, eftir Viði Smára Petersen, „Verktafir og ábyrgð á þeim og afleiðingar“. Áætluð verklok eru haustið 2025.

CEN/TC 250 vinnur nú að endurskoðun evrópsku þolhönnunarstaðlanna (Eurocode), sem eru alls 58 talsins og vísað er til með bindandi hætti í íslenski Byggingarreglugerð. Endurskoðunin felur einnig í sér viðbætur sem ná yfir ný svið hönnunar og bygginga. Á árinu 2024 náðist loks samkomulag við Innviðaráðuneytið um fjármögnun verkefnisins að hluta til ársins 2027. HMS, Vegagerðin og Framkvæmdasýsla ríkisins hlaupa einnig í skarðið og veita verkefninu árlegt framlag yfir sama tímabil.

Við verkefnið starfa fimm íslenskir vinnuhópar með rúmlega 20 sérfræðingum, aðallega frá verkfræðistofum sem leggja fram vinnu og sérfræðiþekkingu án endurgjalds. Þetta framlag atvinnulífsins nemur um 80–85% af heildarkostnaði verkefnisins, á móti ritstjórnar- og verkefnisstjórnunarkostnaði Byggingarstaðlaráðs sem nemur um 15–20%. Áætlað er að nýtt staðlasett fyrir þolhönnun verði tilbúið í lok árs 2027.

Undirbúningur nýrrar útgáfu ÍST 16 er hafinn. Staðallinn byggir á norskum stöðlum sem hafa nýverið verið teknir til gagngerrar endurskoðunar. Markmiðið er að samræma kröfur og skilgreiningar í takt við nýjustu tækni og hönnunarhefðir.

Unnið er að þýðingu og staðfæringu hins norska staðals NS 3420, sem lýsir samræmdu verklagi fyrir upplýsingagjöf um byggingarverk – m.a. til að auðvelda samanburð á kostnaði, kolefnisspori og öðrum lykiltölum. Þetta styður við markmið um gagnsæi og sjálfbærni í hönnun og framkvæmdum.

Í samstarfi við Steinsteypufélag Íslands var stofnuð ný spegilnefnd til að fylgjast með þróun staðla um framleiðslu og notkun steinsteypu. Nefndin fylgist með vinnu á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi og kemur á framfæri áherslum sem kunna að varð íslenska sérhagsmuni við gerð staðlanna.

Byggingarstaðlaráð hélt á árinu fjóra fræðslufundi í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ), bæði í streymi og með staðfundum. Upptökur eru aðgengilegar á heimasíðum Staðlaráðs og VFÍ. Þátttaka var góð og umfjöllunarefnin víðtæk:

- » **Varnir mikilvægra innviða – Varnargarðar á Reykjanesi**
- » **Lágmrörkun byggingargalla og CE merkingar**
- » **HMS – Framtíðarsýn og hlutverk Rb-blaðanna**
- » **Nýir jarðgangakostir í undirbúningi**

Fagstaðlaráð í fiskimálum

Árið 2024 var hefðbundið í starfi Fagstaðlaráðs í fiskimálum (FIF) en helsta verkefni ráðsins er að fylgjast með og taka þátt í starfi ISO/TC 234, alþjóðlegrar tækninefndar um fiskveiðar og fiskeldi. Nefndin hefur gefið út 12 staðla og er nú með þrjá í vinnslu sem ýmist fjalla um stórpörungaeldi eða meðferð affalls í lokuðum fiskeldiskerfum. Þá eru í bígerð fleiri ný verkefni m.a. um kolefnisfótspor smápörunga. Fagstaðlaráð í fiskimálum gæti hagsmuna íslenskra hagaðila í alþjóðlegri stöðlun og fylgist grannt með, tilbúið að bregðast við og taka virkan þátt í stöðlunarverkefnum þegar þeir hagsmunir krefjast.

Stjórn Fagstaðlaráðs í fiskimálum skipa:

- » **Kristján Þórarinnsson, Ábyrgum fiskveiðum, formaður**
- » **Sævaldur Jens Gunnarsson, Sæplasti**
- » **Guðmundur Þórðarson, Atvinnuvegaráðuneytinu**
- » **Hildur Hauksdóttir, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi**
- » **Sigurður Pétursson, Samtökum þörungafélaga**

Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftslagsmálum



Árið 2024 markaði tímamót í starfi Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum (FUM), enda um fyrsta heila starfsár ráðsins að ræða. Á þessu tímabili var lagður traustur grunnur að áframhaldandi vexti og áhrifum ráðsins, með því að efla stefnumótandi starf, virkja hagsmunaaðila og hefja þróun nýrra staðla í þágu loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar.

Stjórn Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum skipa:

- » **Guðmundur Sigbergsson, International Carbon Registry, formaður**
- » **Anna Ingvarsdóttir, Verkís**
- » **Ívar Kristinn Jasonarson, Landsvirkjun**
- » **Guðný Nielsen, SoGreen**
- » **Íris Ólafsdóttir, Orb**

Tveir vel sóttir og áhugaverðir fundir voru haldnir á árinu: vorfundur þar sem megináherslan var á loftslagsmál og hlutverk staðla í að draga úr losun og efla aðlögun, og haustfundur þar sem hringrásarhagkerfið var til umfjöllunar – áskoranir, lausnir og samspil við staðlastarf. Fundirnir voru vettvangur dýrmaets samtals milli visinda, stjórnsýslu, atvinnulífs og almennings.

Á árinu var formlega stofnuð ein tækninefnd og eru því á vettvangi FUM starfandi tvær tækninefndir:

- » **TN-SSK, tækninefnd um sjálfbæra skógrækt**
- » **TN-KOJ, tækninefnd um kolefnisjöfnun**

TN-SSK varð til eftir vinnustofu um sjálfbæra skógrækt en þar er lagður grundvöllur að þróun nýs íslensks staðals um sjálfbæra skógrækt. Þar koma saman fulltrúar skógarbænda, visindasamfélags, fyrirtækja og stjórnvalda og vinna að því að móta sameiginlega sýn sem endurspeglar bæði alþjóðleg viðmið og íslenskar aðstæður. Áætluð útgáfa staðalsins er haustið 2025.

TN-KOJ lá að mestu í dvala á árinu og aðeins voru tveir fundir haldnir þar sem rætt var fyrirhuguð endurskoðun á tækniforskriftinni ÍST TS 92-Kolefnisjöfnun.

FUM lagði ríka áherslu á alþjóðlegt samstarf, einkum í gegnum þátttöku í ISO Climate Champions – alþjóðlegt samstarfsnet sérfræðinga sem móta stefnu og efni staðla á sviði loftslagsmála. Þátttakan tryggir að íslensk sjónarmið heyrist á vettvangi þar sem

leikreglurnar eru settar – og að innlend staðlastarfsemi sé í takt við alþjóðlega þróun.

Meginstef ársins var þó að vekja athygli á tilvist og mikilvægi FUM og fjölga þeim aðilum sem tengjast starfinu. Með virku upplýsingaflæði, samtali við hagsmunaaðila og þátttöku í tengdum viðburðum tókst að auka sýnileika ráðsins og styrkja stöðu þess sem vettvangs faglegrar umræðu og samráðsvettvangs í þágu náttúru, loftslagsins og framtíðarkynslóða.

Á árinu bættust nýir fulltrúar við starfshópinn, sem lýsir aukinni meðvitund í samfélaginu um mikilvægi staðla sem stjórntækja í umskiptum til sjálfbærs samfélags.

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni

Stjórn Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni (FUT) fundaði fjórum sinnum á árinu 2024. Haldinn var aðalfundur með fróðlegu erindi um eIDAS 2 og tilraunaverkefnið NOBID auk haustfundar sem fjallaði um starfsemi FUT, NIS 2 og hlutverk staðla í því samhengi.

Stjórn FUT skipa:

- » **Jóhann Þorvarðarson, Landsbankanum, formaður**
- » **Ingimar Þór Friðriksson, Samtökum sveitarfélaga**
- » **Sigurjón Einar Þráinsson, Fjármála- og efnahagsráðuneytinu**
- » **Pétur Ingi Björnsson, Samtökum iðnaðarins**
- » **Ingipór Guðni Júlíusson, RB**

Stjórnin tók til umfjöllunar fjölmörg erindi frá þeim fjórum tækninefndum sem starfa á vegum FUT:

- » **TN-GRV, um grunngerð rafrænna reikninga**
- » **TN-TPJ, um traustþjónustu**
- » **TN-FMB, um fjármálaþjónustu**
- » **TN-UPV, um upplýsingaöryggi og persónuvernd**

Þá rekur FUT spegilnefndir s.s. Nordic NSB AI Partnership og spegilnefndirnar SN-JTC 1, SN-Trustworthiness, SN-Unicode og SN-JTC 21 um gervigreind.

Viðbrögð við nýjum evrópugerðum á borð við GDPR, eIDAS 2, NIS 2, DORA, AI Act, DPP, CRA voru áberandi í störfum FUT árið 2024 þar sem leitast er við að efla skilning á þessum lagaramma og



hvernig hægt sé, með íslenskum stöðlunarverkefnum, að styðja við samræmda og staðlaða innleiðingu þeirra.

Á árinu var ráðist í uppfærslu á erindisbréfum tækninefnda og bætt birting þeirra á staðlavef FUT.

Um 200 sérfræðingar eru skráðir í tækninefndir og vinnuhópa á vegum FUT, með mismunandi virkni eftir eðli verkefna og sérsviðum.

Yfirlit yfir störf tækninefnda 2024:

TN-GRV heldur utan um spegilnefndirnar SN-434 (rafrænir reikningar), SN-440 (rafrænt innkaupaferli) og SN-Peppol, sem styður við hlutverk Fjársýslunnar sem Peppol-yfirvald. Á árinu var unnið að viðhaldi viðskiptaskeyta, kortlögð þörf fyrir ný skeyti og sótt um að tvö íslensk skeyti yrðu tekin upp hjá Peppol.

TN-TþJ vann að undirbúningi vegna eIDAS 2, m.a. rafrænu skilríkjaveski og samræmingu á upplýsingum í auðkenningarbeiðnum og svari.

TN-FMþ hélt áfram þróun og viðhaldi staðalsins IOBWS 3. Ný útgáfa fjögurra skjala er væntanleg árið 2025 og verður henni fylgt eftir með vinnustofu um framtíð IOBWS. Einnig er unnið að undirbúningi vinnustofu um innleiðingu DORA-reglugerðarinnar.

TN-UPV heldur utan um spegilnefndirnar SN-JTC 13 (upplýsingaöryggi á evrópskum vettvangi), SN-317 (privacy by design, vegna ISO PC 317), og SN-SC27 sem speglar alþjóðlega starfsemi innan JTC1 SC27 um upplýsingaöryggi. Á árinu var unnið að íslenskri þýðingu ISO 27005 um áhættustjórnun upplýsingaöryggis og fleiri verkefni eru í undirbúningi.

Rafstaðlaráð

Starfsemi Rafstaðlaráðs var einkar öflug á árinu 2024 og einkenndist af mikilli þátttöku, vandaðri vinnu og viðtækri umræðu um þróun raforkukerfisins.

Stjórn Rafstaðlaráðs skipa:

- » Andri Reyrr Haraldsson, Rafiðnaðarsambandinu, formaður
- » Gunnar Sigvaldason, Lotu
- » Einar Falur Zoëga Sigurðsson, Landsneti
- » Eypór Helgi Úlfarsson, Rarik

» Ingi B. Ingason, Mílu

Á árinu fundaði stjórnin átta sinnum. Þá voru haldnir tveir vel sóttir fulltrúaráðsfundir. Aðalfundurinn fór fram í maí og beindist að áskorunum og lausnum tengdum veitukerfum á svæðum eldgosa á Reykjanesi. Haustfundurinn, sem haldinn var í nóvember, bar yfirskriftina Sól og vindur – nýir orkugjafar í orkukerfinu og vakti mikla athygli.

Gefin var út ný útgáfa af handbókinni ÍST-HB-200:2024 – Lágspennnar raflagnir, þar sem meðal helstu nýjunga var staðall um raflagnir svonefndra „vinnslunotenda“ – notenda sem framleiða raforku sjálfir með vindmyllum, sólarrafhlöðum eða vatnsafl. Í handbókinni var jafnframt að finna fjölda annarra endurbóta og uppfærslna.

Spegilnefnd SN-64 um lágspennnar raflagnir vann ötullega að yfirferð fjölda frumvarpa og verkefnatillagna frá alþjóðlegu staðlasamtökunum IEC og CENELEC TC 64, og tryggði þannig að íslenskar raddir kæmust að við mótun alþjóðlegra staðla.

Í tengslum við alþjóðlega þátttöku sendi Rafstaðlaráð tvo unga sérfræðinga til þátttöku í fimm daga vinnustofu YP IEC 2024, sem fram fór samhliða aðalfundi IEC í Skotlandi. Ritari Rafstaðlaráðs sótti jafnframt aðalfundinn fyrir Íslands hönd.

Á árinu voru einnig haldnar sértækar vinnustofur um afmörkuð málefni. Í einni slíkri vinnustofu var fjallað um hinn svonefnda „Töflustaðal“, en þar kom í ljós að almenn vitund um staðalinn er enn lítil og því nauðsynlegt að auka fræðslu um hann.

Önnur vinnustofa beindist að málefnum tengdum rafbílum, þar sem unnið var að mótun vinnustofusamþykktar sem ætlað er að gefa út á árinu 2025. Meðal umræðuefna voru:

- » yfirtíðnir frá hraðhleðslustöðvum,
- » jöfnun álags milli fasa,
- » endurnýting rafhlöðukerfa úr rafbílum,
- » upplýsingagjöf söluaðila hleðslubúnaðar,
- » samskipti hleðslustöðva við ytri kerfi og þjónustur og
- » bakplötukerfi hleðslustöðva.



Íslenskt frumkvæði um stöðlun barnaréttar vekur heimsathygli

Mennta- og barnamálaráðuneyti hafði frumkvæði að stöðlunarverkefni á sviði barnaréttar á árinu þar sem virkni og útfærsla íslenska Barnahússins var stöðluð í stórum hópi hagaðila alls staðar úr heiminum. Þó fjöldi slíkra húsa hafi verið sett upp víða um heim var það Bragi Guðbrandsson þáverandi forstjóri Barnaverndarstofu sem þróaði þjónustumiðstöðina Barnahús sem hefur reynst mikilvægur gríðastaður barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Staðlaráð Íslands rak verkefnið í samstarfi við sænsku staðla-samtökin SIS á vettvangi alþjóðlegu staðlasamtakanna ISO. Páll Magnússon sendiráðunautur í sendiráði Íslands í Genf fór með formennsku verkefnisins.

Haldin var vinnustofa með nokkrum fundum sem haldnir voru bæði á netinu og á Hilton hótelinu á Íslandi í október. Á annað hundrað sérfræðinga um málefni barna, frá yfir 20 löndum tóku þátt í verkefninu, þ.m.t. sérstakur fulltrúi aðalritara Sameinuðu þjóðanna um baráttu gegn ofbeldi gegn börnum, UNICEF, Evrópuráðið, fulltrúi úr Barnaréttarnefnd Sp, Europol, Eurojust, Brave Movement, ýmsum háskólum, þjónustumiðstöðvum við börn, heilbrigðisstofnunum og ráðuneytum.

Útgáfa vinnustofusamþykktar sem nýtist um allan heim

Afrakstur vinnunnar, vinnustofusamþykkt um Barnahús, ISO IWA 49, var gefin út í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Genf í mars s.l. Við útgáfuathöfnina var haldið málþing þar sem fulltrúar þátttakenda lýstu mikilvægi þessarar samþykktar og miklum áhuga á framhaldi á þessu sviði enda séu staðlar margfaldari fyrir





góða stjórnarhætti, viðurkennd vinnubrögð og árangur og með því að færa barnarétt inn á svið stöðlunar margfaldist viðtakendur þeirra viðmiða sem þróuð eru í barnarétti og líkur á árangri einnig.

Forseti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, Jürg Lauber, fagnaði framtakinu og hvatti stjórnvöld og alþjóðastofnanir til að innleiða staðalinn.

Dr. Najat Maalla M'jid, sérstakur fulltrúi á skrifstofu aðalritara Sameinuðu þjóðanna um baráttu gegn ofbeldi gegn börnum segir Barnahúsmódelið gríðarlega mikilvægt til að bæta þjónustu við börn vegna skilvirkni og faglegra krafna.

Ráðuneytisstjóri mennta- og barnamálaráðuneytisins, Erna Kristín Blöndal tók einnig þátt í umræðunum sem frumkvöðull að verkefninu þar sem hún m.a. lýsti vilja til að halda áfram að leiða stöðlunarverkefni á sviði barnaréttar á heimsvísu.

Matthew McVarish, stofnandi BRAVE movement tók fullan þátt í verkefninu og minnti við útgáfuna á að tilurð Barnahúss komi í veg fyrir að börn séu dregin í gegnum gamaldags og úrelt dómskerfi sem taki ekki tillit til þeirrar stöðu sem börn, sem brotið hefur á, eru í. Barnahús komi í veg fyrir að börn í svo viðkvæmri stöðu séu dregin í yfirheyrslu á lögreglustöð. Yfirheyrsluherbergi séu fyrst og síðast fyrir glæpamenn. Barnahús komi einnig í veg fyrir að þau þurfi að fara í læknisskoðun á kuldaleg og ópersónuleg sjúkrahús sem séu fyrst og fremst fyrir veikt fólk. Þessi börn eigi rétt á því, þegar okkur hefur mistekist að vernda þau, að við séum góð við þau. Barnahúsið sé liður í því.

Aðrir sem fögnuðu framtakinu og tóku þátt í umræðunum voru Sergio Mujico, aðalritari ISO, Sylvie Bollini fulltrúi Evrópuráðsins,

Aaron Greenberg, fulltrúi UNICEF og Einar Gunnarsson sendiherra Íslands í Sviss.

Við erum rétt að byrja

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Staðlaráð Íslands hyggjast halda áfram samstarfi um stöðlun barnaréttar enda hefur framtakið hlotið gríðarmikla athygli og lof um allan heim. Þau áform snúast um að Staðlaráð beiti sér fyrir því að stofnuð verði tækninefnd um stöðlun barnaréttar á vettvangi ISO. Mennta- og barnamálaráðuneytið er bakhjarl þess verkefnis og leggur auk þess til formann hinnar nýju nefndar ásamt vinnuframlagi hans í verkefninu. Með því er brotið blað í þróun stöðlunar enda hefur barnaréttur aldrei fyrr verið viðfangsefni hennar. Stefnt verður að því að búa til nýja staðla sem auðvelda innleiðingu barnaréttar í samstarfi við helstu alþjóðastofnanir á sviðinu. Má þar nefna að þróa leiðir til að tryggja þátttöku barna í samfélagslega mikilvægum verkefnum að meta áhrif stjórnsýsluákvæðana á börn, að staðla viðmið um „hjálparlínur“ í samræmi við Lanzasótta sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun gegn börnum ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum sem þegar hafa verið skilgreind á sviðinu.

Staðlaráð fagnar hinu góða samstarfi við ráðuneytið og því að vera þátttakandi í verkefni sem heppnaðist svo gríðar vel og hlakkar til að halda áfram að stuðla að því að þróa verkfæri til að tryggja réttindi barna.





Evrópustöðlun



Þjónusta Staðlaráðs við opinbera stjórnsýslu er sem fyrr hornsteinninn starfseminnar. Þetta endurspeglar hlutverk stofnunarinnar sem tengiliðs Íslands við evrópska og alþjóðlega gæðainnviði – eins konar brú milli íslensks regluverks og alþjóðlegrar samræmingar á kröfum og gæðum. Verkefnið byggja á skuldbindingum sem fylgja aðild Íslands að evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, auk alþjóðlegrar samtakanna ISO og IEC.

Grunnurinn að þátttöku í þessu samstarfi byggir á EES-samningnum sem tryggir Íslandi fulla aðild að sameiginlegum innri markaði Evrópu. Henni fylgir þó einnig sú skylda – og um leið tækifæri – að samræma innleiðingu staðla sem mynda hluta af regluverkinu. Þannig er tryggt að íslenskur almenningur og atvinnulíf njóti þeirrar verndar og gæða sem staðlar bjóða upp á, hvort sem lítið er til öryggis, heilsuverndar, neytendaverndar, umhverfisverndar eða tæknipróunar.

Staðlar eru í raun sjálft burðarvirki gæðainnviðanútíma samfélaga – lifandi skjöl sem fanga bestu fáanlegu þekkingu, nýjustu rannsóknir og samkomulag sérfræðinga. Af þessum sökum er það lykilatriði að opinber stjórnsýsla hafi skýra sýn og djúpa þekkingu á hlutverki, gildi og virkni staðla – ekki aðeins til að stuðla að rétttri

innleiðingu heldur einnig til að tryggja raunverulega virkni þess sem skiptir máli: almannaheill og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Í árslok 2024 höfðu verið staðfestir nær 30.000 evrópskir staðlar sem íslenskir staðlar. Þar af eru um 3.700 skilgreindir sem samhæfðir staðlar (e. harmonized standards), sem samsvara rúmlega 12% af heildarfjöldanum. Þessir staðlar gegna lykilhlutverki í evrópsku regluverki sem innleitt er á Íslandi.

Áherslan innan Evrópusambandsins á staðla sem tæki til laga-setningar hefur aukist verulega undanfarin ár, enda veita þeir hnitmiðaða og skilvirka leið til að tryggja gæði, öryggi og nýsköpun í samræmi við markmið laga og reglna. Á árinu 2024 kvað Evrópudómstóllinn upp dóm sem kveður á um að samhæfðir staðlar, sem eru hluti af regluverkinu, verði gerðir aðgengilegir án endurgjalds. Þó dómar Evrópudómstólsins hafi ekki bein réttaráhrif á Íslandi, ennþá, hafa samhæfðir staðlar verið gerðir aðgengilegir án endurgjalds á vef Staðlaráðs í samræmi við kröfur til annarra staðlasamtaka í Evrópu.

Að lokum skal áréttað að Staðlaráð er einnig virkur þátttakandi í ETSI – evrópsku fjarskiptastaðlasamtökunum – sem móta reglur og skilgreina tæknilegar kröfur er varða öryggi og virkni fjarskipta í Evrópu.



Alþjóðleg stöðlun



Aðild Staðlaráðs Íslands að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO (International Organization for Standardization) felur ekki í sér beina skuldbindingu um að ISO-staðlar verði sjálfkrafa gerðir að íslenskum stöðlum. Þó ber að hafa í huga að í fjölmörgum tilvikum eru þeir teknir upp á vettvangi Evrópusambandsins, meðal annars vegna samstarfssamnings milli ISO og CEN (European Committee for Standardization), sem leiðir til þess að þeir verða einnig hluti af íslenska staðlakerfinu í gegnum aðild Íslands að EES.

ISO-staðlar gegna þó lykilhlutverki í starfsemi margra íslenskra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem framleiða vörur fyrir alþjóðlegan markað. Jafnframt nýta fjölmargar stofnanir og fyrirtæki þessa staðla markvisst til að efla árangur og auka hagkvæmni í rekstri.

Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF) tekur virkan þátt í starfsemi tækninefnda ISO á sviði fiskveiða og fiskeldis. Auk þess eru fjölmargir aðilar innan Staðlaráðs virkir þátttakendur í störfum ISO-nefnda á sínu sérsviði, þar sem þeir leggja sitt af mörkum til að gæta íslenskra hagsmuna og framfara viðkomandi atvinnugreina.

Í lok ársins 2024 töldust aðildarlönd ISO alls 173. Undir hatti samtakanna störfuðu 824 tækninefndir, með fjölmargar undirnefndir og vinnuhópa. Fjöldi útgefinna ISO-staðla og annarra skjala nemur nú 25.823, á um það bil 1,4 milljónum blaðsíðna.

Á árinu 2024 voru gefnir út fjölmargir nýir ISO-staðlar ásamt því að ný stöðlunarverkefni hófust. Þá voru haldnir hátt í 10.000 fundir, þar af voru um 90% annað hvort fjarfundir eða blandaðir fundir.

Auk aðildar að ISO er Staðlaráð Íslands aukaadili að Alþjóða raftækniráðinu IEC (International Electrotechnical Commission). Samkvæmt samkomulagi milli IEC og evrópsku staðlasamtakanna CENELEC eru margir staðlar gefnir út samtímis sem IEC og evrópskir staðlar og öðlast þannig gildi sem íslenskir staðlar.

Aðildarlönd IEC eru nú 89 talsins. Á árinu 2024 störfuðu 229 tækninefndir og undirnefndir á vegum samtakanna, auk um 1.626 vinnuhópa. Heildarfjöldi útgefinna IEC-staðla og tengdra skjala í árslok 2024 nam 12.046, þar af voru 766 gefnir út á árinu 2024. Þá voru 1.834 verkefni í vinnslu um áramótin.



Norrænt samstarf


Staðlasamtök Norðurlandanna hafa um árabíl átt í virku og árangursríku samstarfi. Þessi samvinna byggist að mestu leyti á reglubundinni upplýsingamiðlun, samhæfingu framgangs í staðlastarfi og mótun sameiginlegrar afstöðu til mála innan evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka, þegar tilefni gefst til. Þannig stuðla Norðurlöndin að samstilltu og áhrifaríku framlagi innan kerfa á borð við CEN, CENELEC, ISO og IEC.

Í gegnum slíkt samstarf hafa Norðurlöndin m.a. ráðist í sameiginlegar rannsóknir, svo sem á efnahagslegu virði staðla með tilliti til aukinnar framleiðslu og útflutnings. Niðurstöður slíkra rannsókna sýna að stöðlun skilar miklum ávinningi fyrir íslenskt samfélag – með aukinni framleiðni, bættum vinnubrögðum og tryggara aðgengi að erlendum mörkuðum. Þessi virðisauki

er metinn til milljarða króna ár hvert, auk þess sem jákvæð samfélagsleg áhrif fylgja í kjölfarið, þó þau séu ekki alltaf mælanleg með beinum hætti.

Framkvæmdastjórn norrænu staðlasamtakanna, ásamt öðrum lykilstarfsmönnum eftir atvikum, halda 12–14 fundi árlega. Flestir þessara funda fara fram rafrænt, en hluti þeirra er haldinn samhliða stærri viðburðum á borð við aðalfundi evrópsku og alþjóðlegra staðlasamtakanna.

Íslendingar hafa ítrekað notið góðs af þessu samstarfi. Lausnir og verkferlar sem hafa verið próaðir hjá frændþjóðum okkar nýtast oft en ekki sem dýrmæt fyrirmynd hérlandis, enda byggja þeir á sambærilegum áskorunum og sameiginlegum hagsmunum.





Ársreikningur



Íslenskir staðlar

Staðlaráð Íslands

Ársreikningur

31.12.2024

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7-10

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Staðlaráðs Íslands fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrar- og efnahagsreikning, og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024 og efnahag þess 31. desember 2024 í samræmi við lög um ársreikninga og ríkjandi reikningsskilareglur.

Grundvöllur að álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Staðlaráði Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum okkur hafa aflað nægilegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn félagsins og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi þess og upplýsa eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og í kjölfarið gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, miðað við þær aðferðir, sem beitt er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, en ekki trygging þess að endurskoðunin leiði til uppgötvunar allra verulegra skekkja, sem gætu verið til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Í tengslum við endurskoðun framkvæmum við eftirfarandi:

- Greinum og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem hún helgast af mistökum eða sviksemi. Hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við framangreindri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. *Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.*
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar, sem og veruleg atriði er komu upp við endurskoðunarvinnu okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík 9. apríl 2025

Endurskoðun Skattur & Bókhald ehf.

Egill Helgason,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36 2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands koma fram í ársreikningi þessum fyrir árið 2024 allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Afkoma Staðlaráðs á árinu 2024 var jákvæð sem nemur kr. 35,4 milljónum, samanborið við kr. 20,8 milljóna jákvæða afkomu árið áður. Í árslok námu heildareignir kr. 136,1 milljón og eigið fé kr. 116,5 milljón. Hvað aðrar breytingar á eigin fé varðar, vísast í ársreikning ráðsins.

Á árinu störfuðu að jafnaði um 7 starfsmenn hjá Staðlaráði og námu launagreiðslur kr. 90,7 milljónum.

Staðlaráð hefur haft þjónustusamning við Menningar- og viðskiptaráðuneytið og gildir nýr samningur fyrir tímabilið 1. janúar 2025 til 31. desember 2025.

Stjórn og framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík 9. apríl 2025

Í stjórn

Aldís Ingimarsdóttir

Andri Reyр Haraldsson

Egill Viðarsson

Guðmundur Sigbergsson

Gyða Björg Sigurðardóttir

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

Jóhann Þorvarðarson

Kristján Þórarinnsson

Sigurður Másson

Þórunn Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri

Helga Sigrún Harðardóttir

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Tekjur	4		
Framlög á fjárlögum.....		100.000.004	100.000.004
Önnur framlög.....		49.857.680	23.377.854
Aðildargjöld.....		21.767.000	20.855.000
Sölutekjur.....		30.879.045	31.115.118
Tekjur samtals		<u>202.503.729</u>	<u>175.347.976</u>
Rekstrarkostnaður			
Efni og aðkeypt vinna.....		23.635.098	19.879.711
Laun og launatengd gjöld.....	5	112.055.166	101.765.407
Annar rekstrarkostnaður.....		34.834.991	32.336.044
Afskriftir.....	8	2.402.784	2.495.213
Rekstarkostnaður samtals		<u>172.928.039</u>	<u>156.476.375</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		29.575.690	18.871.601
Vaxtatekjur.....		5.936.431	2.807.402
Vaxtagjöld.....		-82.108	-831.480
Gengismunur.....		-3.927	-2.014
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) samtals		<u>5.850.396</u>	<u>1.973.908</u>
Afkoma ársins.....		<u>35.426.086</u>	<u>20.845.509</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	8	8.642.661	10.421.014
Fastafjármunir samtals		8.642.661	10.421.014
Veltufjármunir			
Fyrirframgreiðslur.....		317.955	1.246.781
Viðskiptakröfur.....	9	12.955.318	7.397.083
Aðrar skammtímakröfur.....		803.684	992.005
Handbært fé.....	11	113.405.917	82.711.792
Veltufjármunir samtals		127.482.874	92.347.661
Eignir samtals		136.125.535	102.768.675
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Varasjóður.....		15.000.000	15.000.000
Óráðstafað eigið fé.....		101.513.335	66.087.249
Eigið fé samtals		116.513.335	81.087.249
Skuldir			
Viðskiptaskuldir.....		3.071.636	2.579.852
Aðrar skammtímaskuldir.....		16.540.564	19.101.574
Skuldir samtals		19.612.200	21.681.426
Eigið fé og skuldir samtals		136.125.535	102.768.675

Skýringar

1. Staðlaráð Íslands

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36/2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Innan Staðlaráðs Íslands starfa eftirfarandi fagstaðlaráð:

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni
Fagstaðlaráð í fiskimálum
Byggingastaðlaráð
Rafstaðlaráð

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

Innlausn tekna

Tekjur eru skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og reikningskilareglur, þ.e. við afhendingu vöru og þjónustu.

Aðrar reikningsskilaaðferðir

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði árs hlutareikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

3. Afkoma rekstrareininga

Afkoma rekstrareininga á árinu 2024 og eignir, eigið fé og skuldir í árslok greinast með eftirfarandi hætti:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Staðlaráð Íslands	Samtals
Tekjur.....	12.193.003	19.863.951	10.532.032	891.375	159.023.368	202.503.729
Þjónusta Staðlaráðs Íslands....	-8.170.000	-10.744.500	-11.133.000	-152.000	30.199.500	0
Annar kostnaður.....	-2.463.561	-136.352	-4.050.229	0	-166.277.897	-172.928.039
Fjármagnstekjur.....	765.820	349.082	941.303	475.781	3.404.445	5.936.431
Fjármagnsgjöld.....	0	0	0	0	-86.035	-86.035
Afkoma ársins.....	2.325.262	9.332.181	-3.709.894	1.215.156	26.263.381	35.426.086
Eignir 31.12.2024.....	15.348.576	15.212.851	12.605.566	9.440.772	83.517.770	136.125.535
Eigið fé 31.12.2024.....	15.348.576	15.212.851	12.605.566	9.440.772	63.905.570	116.513.335
Skuldir 31.12.2024.....	0	0	0	0	19.612.200	19.612.200

Skýringar

4. Tekjur

Staðlaráð hefur gert þjónustusamning við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um framlag til starfseminnar, sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Þá tekur samningurinn einnig til greiðslu árlegra aðildargjalda ráðsins að erlendum staðlasamtökum. Gildistími núverandi samnings er frá 1. janúar til 31. desember 2025.

Tekjur greinast með eftirfarandi hætti:

	2024	2023
Framlög á fjárlögum		
Framlög á fjárlögum, skv. þjónustusamningi.....	100.000.004	100.000.004
Önnur framlög		
Framlög ANR vegna erlendar aðildar, skv. þjónustusamningi.....	14.082.794	13.362.854
Framlög hagsmunaaðila fyrir stöðlunarstörf.....	34.874.886	9.115.000
Framlög Póst og Fjarskiptastofnunar.....	900.000	900.000
	49.857.680	23.377.854
Aðildargjöld		
Aðildargjöld.....	21.767.000	20.855.000
	21.767.000	20.855.000
Sölutekjur		
Seldir staðlar.....	23.897.432	22.499.209
Rafmagnsöryggispakkinn.....	4.631.613	4.273.678
Aðrar sölutekjur.....	2.350.000	4.342.231
	30.879.045	31.115.118
	202.503.729	175.347.976

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast með eftirfarandi hætti:

	2024	2023
Laun	90.672.427	80.343.088
Lífeyrissjóður.....	12.489.797	10.076.177
Annar launatengdur kostnaður.....	3.871.222	7.279.989
Annar starfsmannakostnaður.....	5.021.720	4.066.153
	112.055.166	101.765.407
Meðalfjöldi starfsmanna.....	6,5	6,5

Skýringar

6. Leigusamningar

Staðlaráð hefur leigusamning um húsnæði í Urðarhvarfi í Kópavogi. Leigusamningurinn ráðsins telst rekstrarleigusamningar og því hvorki færður upp eignarréttur eða skuldbinding hinun fylgjandi í efnahagsreikning. Gjaldfærðar leigugreiðslur, meðal annars rekstrarkostnaðar, á árinu 2024 námu kr. 11 milljónum samanborið við kr. 15,1 milljónir á árinu 2023.

Leigugreiðslur í samræmi við skuldbindandi samninga dreifast með eftirfarandi hætti í árslok á komandi ár:

	31.12.2024	31.12.2023
Samningsbundnar leigugreiðslur 2025/2024.....	11.500.380	11.278.008
Samningsbundnar leigugreiðslur 2026/2025.....	11.500.380	11.278.008
Samningsbundnar leigugreiðslur 2027/2026.....	11.500.380	11.278.008
Samningsbundnar leigugreiðslur 2028/2027.....	11.500.380	11.278.008
Samningsbundnar leigugreiðslur 2029/2028.....	3.833.460	11.278.008
	<u>49.834.980</u>	<u>56.390.040</u>

7. Tekjuskattur

Í samræmi við 4. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt greiðir Staðlaráð Íslands ekki tekjuskatt.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast með eftirfarandi hætti:

	Áhöld, tæki og innréttingar
Varanlegir rekstrarfjármunir 1.1.2023	
Stofnverð	2.822.969
Uppsafnaðar afskriftir	-1.976.077
	<u>846.892</u>
Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2023	
Keypt á árinu.....	12.658.048
Selt á árinu.....	-588.712
Afskriftir ársins.....	-2.495.213
	<u>9.574.123</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2023	
Stofnverð.....	14.087.617
Uppsafnaðar afskriftir.....	-3.666.603
	<u>10.421.014</u>
Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2024	
Keypt á árinu	624.431
Afskriftir ársins.....	-2.402.784
	<u>-1.778.353</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2024	
Stofnverð	14.712.048
Uppsafnaðar afskriftir	-6.069.387
	<u>8.642.661</u>
Afskriftarhlutföll.....	20-35%

Skýringar

9. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

11. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og óbundnum bankareikningum.

12. Eigið fé

Á aðalfundi Staðlaráðs Íslands á árinu 2005, var tekin sú ákvörðun að mynda varasjóð, sem næmi allt að 15 milljónum króna. Tveimur þriðju hlutum varasjóðsins er ætlað að vera almennur varasjóður, en þriðjungi hans er ætlað að vera tímabundin fjármögunun til einstaka fagstaðlaráða innan Staðlaráðs Íslands, vegna verkefna sem þau hafa tekist á hendur, en enn hefur ekki verið lokið við fjármögnun á. Tillög í framangreindan varasjóð, sem og ráðstafanir úr honum eru samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2023.....	10.414.972	49.826.768	60.241.740
Afkoma ársins 2023.....	0	20.845.509	20.845.509
Ráðstöfun úr varasjóði.....	4.585.028	-4.585.028	0
Eigið fé 31.12.2023.....	15.000.000	66.087.249	81.087.249
Afkoma ársins 2024.....	0	35.426.086	35.426.086
Eigið fé 31.12.2024.....	15.000.000	101.513.335	116.513.335

Óráðstafað eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á starfandi fagstaðlaráð innan Staðlaráðs Íslands:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Staðlaráð Íslands	Óráðstafað eigið fé Samtals
Óráðst. eigið fé 1.1. 2024.....	13.023.314	5.880.670	16.315.460	8.225.616	37.642.189	81.087.249
Afkoma ársins 2024.....	2.325.262	9.332.181	-3.709.894	1.215.156	26.263.381	35.426.086
Óráðst. eigið fé 31.12. 2024..	15.348.576	15.212.851	12.605.566	9.440.772	63.905.570	116.513.335

13. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

Sundurliðanir 2024

	2024	2023
Efni og aðkeypt vinna		
Aðkeypt þjónusta vegna staðlagerðar.....	8.668.557	4.933.207
Aðildargjöld að fagfélögum.....	14.465.098	13.609.688
Keyptir erlendir staðlar.....	501.443	1.336.816
	<u>23.635.098</u>	<u>19.879.711</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	90.672.427	80.343.088
Lífeyrissjóður.....	12.489.797	10.076.177
Tryggingagjald.....	6.637.034	5.838.355
Reiknað áfallið orlof, breyting.....	-2.765.812	1.441.634
Félagsgjöld.....	2.125.065	1.935.253
Bífreiðastyrkir.....	1.973.877	1.688.472
Menntun og námskeið.....	113.900	0
Tryggingar starfsfólks.....	41.055	146.292
Annars starfsmannakostnaður.....	767.823	296.136
	<u>112.055.166</u>	<u>101.765.407</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga	10.960.240	15.058.279
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	2.113.445	2.596.576
Rekstur tölvubúnaðar og símkerfa.....	5.019.232	4.898.476
Gjaldfærð áhöld, tæki og innréttingar.....	85.320	267.144
Bækur, pappír, prentun og ritföng.....	234.964	73.502
Ýmis bankakostnaður.....	534.393	367.884
Rekstur heimasíðu og vefverslunar.....	1.049.594	2.222.652
Vátryggingar.....	368.046	237.849
Auglýsingar.....	2.893.388	554.477
Gjafir.....	794.155	424.440
Ferðakostnaður.....	2.297.637	2.121.667
Ráðstefnur.....	4.778.630	189.977
Dagpeningar.....	2.512.663	1.387.105
Aðkeyptur akstur.....	12.635	91.976
Rekstur kaffistofu.....	262.359	243.422
Aðrar kaffiveitingar.....	473.521	1.189.168
Annar ósundurliðaður kostnaður.....	444.769	344.183
	<u>34.834.991</u>	<u>32.336.044</u>
Aðrar skammtímakröfur		
Endurgreiddur vsk til stofnana.....	803.684	48.340
Aðrar ósundurliðaðar skammtímakröfur.....	0	943.665
	<u>803.684</u>	<u>992.005</u>
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd launatengd gjöld.....	5.433.618	4.949.752
Ógreitt orlof.....	10.102.226	12.868.038
Ógreiddur virðisaukaskattur.....	1.004.720	1.283.784
	<u>16.540.564</u>	<u>19.101.574</u>



Íslenskir staðlar